

**Nd.** **982. Frumvarp til laga** [515. mál]

um breyting á lögum um kvikmyndamál, nr. 94/1984.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein sem verði 10. gr. og orðist svo:

Myndbandaleigur þurfa leyfi til starfsemi sinnar. Menntamálaráðherra ákveður hver skráir leyfin, enda fullnægi leyfishafi a. m. k. skilyrðum laga um verslunarátvinnu, nr. 41 1968. Getur ráðherra samið við viðskiptaráðherra um að skrá leyfi fyrir myndbandaleigu samhliða skráningu verslunarleyfa.

Gjald fyrir starfsleyfi myndbandaleigna skal vera hið sama og greitt er fyrir verslunarleyfi. Gjaldið rennur í Kvikmyndasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarpið er flutt til þess að tryggja eðlilegt eftirlit með myndbandaleigum. Það er flutt í stað frumvarps ríkisstjórnarinnar um að viðskiptaráðherra annist útgáfu starfsleyfa fyrir myndbandaleigur.